

3/2 1966.

STARFSSKÝRSLA ÁGÚSTS ÁRNASONAR

HJÁ SKÓGRÆKT RIKISINS

ÁRÍÐ 1965

Frá áramótum og fram til vors starfaði ég á skrifstofu Skógræktar ríkisins í Reykjavík.

27. til 29. apríl vann ég að mælingum á gróðursetningum í Haþkadal, Biskupstungum.

Í Skorradal var ég og stjórnaði framkvæmdum Skógræktarinnar þar frá 13. maí til októberloka, en eftir það vann ég á skrifstofunni í Reykjavík.

Hér fer á eftir ársskýrsla yfir helztu framkvæmdir og fleira í Skorradal og Botnsdal árið 1965.

Veðurfar.

Veðurfar í Skorradal á þeim tíma, sem ég var þar, var það blýðviðrasamasta, sem ég man eftir hér á landi. Úrkoma var óvenju lítil og vorið og sumarið einkenndist af hægveðri og hlýindum. Ekki tel ég þó líklegt að meðalhiti sumarsins

hafi orðið hærrí en í meðal ári, því allmargar nætur í ágúst voru svalar eða með næturfrostri.

Engar reglulegar hitamælingar voru gerðar svo ekki er mögulegt að sýna tölur um hita sumarsins. Hægviðri og úrkomuleysi gerði það, að ævinlega fannst manni hlýrra en off áður þegar votviðrasamara hefur verið.

Júlí var sennilega hlýasti mánuðurinn, en þá var oft um og yfir 20 C í forsælu um hádegis. Um mánaðarmót júlí og ágúst kólnaði í bili og gerði næturfrost svo sá aðeins á kartöflugrasi.

Aðfaranótt 6. ágúst var einnig næturfrost. Ágústmánuður var mun kaldari en júlí og síðustu næturnar í ágúst var hrímfall á hverri nóttu, en samt sáu ekki skemmdir á kartöflugrasi af völdum þess.

7. sept gerði næturfrost og féll þá kartöflugras alveg, en ekki sáu skemmdir á trjágróðri.

Haustið var góðviðrasamt og haustrigningar byrjuðu ekki fyrr en eftir miðjan október, en þá rigndi með eindæmum mikið.

Nú í sumar hafði ég í fyrsta sinn úrkomumæli í Hvammi. Í honum mældist úrkoma, sem hér segir:

Júní	42.8 mm
Júlí	26.7 mm
Ágúst	34.2 mm
Sept.	52.7 mm
Okt.	228.0 mm
	<hr/>
Alls þetta	384.4 mm

Þetta er mjög lítil úrkoma enda stóð grunnvatn óvenju lágt. Skortur varð á neyzluvatni á sumum bæjum í nágreninu. Aldrei hefur orðið eins lágt í Skorradalsvatni eins og í sumar. 1958?

Laufgun - lauffall.

Lerkið var orðið laufgað 25. maí. Þá var einstaka birki-runni orðinn laufgaður, en skógurinn ekki orðinn grænn yfir að líta. Karlreklar voru þá farnir að lengjast á birkinu en kvennblóm ekki komin í ljós.

Birkiskógurinn var orðinn laufgaður og kominn með kvennblóm 30. maí.

Birkið felldi laufið um mánaðarmót sept. og okt. og mátti heita alfallið 4. okt.

Vöxtur og þrif trjáanna.

Skógarmaðurkur og lús voru ekki mjög áberandi á birkinu í sumar. Maðurkurinn gerði óvenju mikinn skaða á Alaskaöspinni. Þar át hann sig inn í merginn á árssprotanum svo árssprotinn visnaði og féll af. Hæðarvöxtur varð því mjög lítill á öspinni í sumar.

Furulúsin er alltaf að verða meira og meira áberandi frá ári til árs. Það, sem sprautað var með Thiodan í fyrra sýndi ekki eins góðan árangur og undanfarin ár.


Í sumar var sprautað á furulúsina Thiodan, Rogor og Xylomon með dáselolíu. Ég vænti þess að nokkur árangur sjáist af þessum efnum.

Vöxtur var yfirleitt mjög góður í sumar á grenitegundum í Skorradal. Nokkur hluti af Sitkagreninu óx mjög vel og hæstu árssprotarnir mældust yfir 60 cm. Einstaka plöntur hafa ekki náð sér enn eftir áfallið 1963 og skiluðu því litlum ársvexti.

Rauðgrenið skilaði jöfnum og góðum árssprota. Mældur var ársvöxtur og hæð plantna í nokkrum reitum og fara hér á eftir tölur yfir þær mælingar.

	Meðal	hæð	árssproti
Rauðgreni Rana '52 R 152	119.07	17.45	
Rauðgreni Rana '54 R 152	124.8	22.0	
Rauðgreni Helgeland '53 R 262	79.7	12.8	
Rauðgreni Fellingfors '56 R 131	77.11	13.85	
1 Rauðgreni Drevja '59 R 382	60.25	8.0	
2 Rauðgreni Höjlandet '59 R 383	59.15	9.45	
3 Rauðgreni S-Helgel. '59 R 286	56.97	9.25	
4 Rauðgreni Baden '59 R 384	55.3	7.42	
5 Rauðgreni Vestfold '59 R 285	58.62	8.82	
6 Rauðgreni Sparbu '59 R 284	52.97	7.6	
8 Rauðgreni Y-Namdal '59 R 283	59.67	9.53	
9 Rauðgreni V-Hedmark '59 R 282	63.25	11.77	
7 Rauðgreni Rana '59 R 141	56.4	10.2	


Samanburður á rauðgrenikvæmum gróðursettum 1959



Mælingar á hæð og árssprota á plöntum í tilraunareit á Stálpastöðum. Áburðartilraun gerð í ágúst 1963.

Plöntur: Rauðgreni Y-Namdal 59 R 283.

Reit nr.	Áburður pr.plöntu	1963		1964		1965	
		hæð	ársspr.	hæð	ársspr.	hæð	ársspr.
1V2	60 g ureaf.	37.9	5.8	50.7	5.9	60.9	9.15
2V1	30g ureaf.	39.9	4.8	44.4	4.8	57.87	9.32
3 0	enginn áb.	42.6	5.3	43.2	4.1	51.02	7.25
4 K	50 g Kalksaltp.	40.5	3.8	54.1	6.2	61.27	10.25
5 0	enginn áb.	42.6	5.4	47.5	4.8	57.02	8.57
6 K	50 g Kalksaltp.	43.7	5.9	48.5	5.7	61.5	11.15
7 V 1	30 g ureaf.	47.8	6.0	54.1	4.8	63.2	9.5
8 V 2	60 g ureaf.	49.0	6.3	48.2	5.5	64.55	11.1



1. er með engum áburði, 2. 30 g ureaform, 3. 60 g ureaform, 4. 50 g kalksaltpétur pr. plöntu.

Starfsfólk og launagreiðslur.

Starfsmannahald var með svipuðu sniði og að undanfögnu, en fremur erfiðlega gekk að ráða starfsfólk. Varð því að ráða meira af unglíngum heldur en oftast áður.

Launagreiðslur einstaka mánuði voru, sem hér segir:

Júní	Kr.	55.031.56
Júlí	-	32.173.78
Ágúst	-	26.811.32
Sept..	-	<u>19.077.60</u>
Alls	-	133.094.26

Launagreiðslur vegna einstakra framkvæmda:

Gróðursetning Hvammi	32.599.11
Grisjun Hvammi	19.311.51
Viðhald Hvammi	13.014.16
Girðing Hvammi	6.586.86
Smölun Hvammi	166.57
Gróðursetning Stálpastöðum	20.809.26
Girðing Stálpastöðum	3.727.49
Grisjun Stálpastöðum	3.585.14
Sprautun Stálpastöðum	2.429.26
Lúpína Stálpastöðum	2.149.39
Áburður Stálpastöðum	9.894.67
Gróðursetning Stóra-Botni	7.980.78
Háafellsreitur	2.462.66
Girðing Selsskógi	4.143.10
Tilraunir	<u>4.234.29</u>
Alls kr.	133.094.25

Girðingar.

Farið var með öllum girðingum og dittað að þeim eftir þörfum, bæði í vor og í haust. Vegna þess hve lágt var í Skorradalsvatni þurfti óvenju miklar umbætur við girðingar-
endana niður við Vatnið.

Auk vanalegs viðhalds á Hvammsgirðingunum var gerð breyting og endurbót á girðingunni fyrir neðan veg í horninu út við Vatnsendalandamörk.

Hlið var steipt niður í Hvammsgirðinguna fyrir ofan veg svo hægt er nú að aka dráttarvél upp í hana.

Gert var við tvö hlið á girðingunni fyrir neðan veg í Hvammi.

Á Stálpástöðum var steipt niður hlið á vegarútskotinu við hliðina á hliðristinni, sem Vegagerð ríkisins setti í fyrra. Einnig var girðingin löguð og endurbætt sitthvoru megin við veginn.

Í Selskógi á Indriðastöðum voru steiptir niður 5 hornstaurar og einn aflstaur við væntanlegt hlið.

Gróðursetningar.

Gróðursetning hófst seinna heldur en æskilegt var, vegna þess að ókleift reyndist að fá ^{verka fólk} (neinn mannskap í vinnu) fyrr en skólafólk ^{kom} losnaði úr prófum.

Gróðursetning hófst (ekki fyrr) en 8. júní og lauk 6. júlí.

Allar plöntur, sem ég fékk til gróðursetningar komu frá Vöglum. Þeim var pakkað í plastpoka og voru ekkert farnar að

vaxa. Þær litu vel út, en nokkuð af rauðgreninu þótti mér heldur smávaxið.

Er ég athugaði gróðursetningar vorsins nú í haust, virtist mér að þær hafi tekist mjög vel.

Samtals var gróðursett í vor 62.000 plöntur. Þar af 47.000 rauðgreni og 15.000 stafafurur.

Hér fer á eftir tafla yfir gróðursetningarnar:

Tegund	Kvæmi	Aldur	Tala	Reitnr.	Plantað dag
Stálpastaðir:					
Rauðgreni	Vefsen Gr.	2/3	17.300	2 11 2	14-23/6.
Rauðgreni	Vefsen Gr.	2/3	2.300	172	24/6.
Stafafura	Skagway	3/2	<u>800</u>	111	11/6.
			20.400		
Hvammur:					
Rauðgreni	Vefsen Gr.	2/3	18.500	611	25/6.-3/7.
Raugreni	Vefsen Gr.	2/3	900	612	5-6/6.
Stafafura	Skagway	3/2	7.700	335	8-10/6.
Stafafura	Skagway	3/2	<u>6.500</u>	332	11-12/6.
			33.600		
Háafellsreitur:					
Rauðgreni	Vefsen Gr.	2/3	2.000		23-24/6.
Stóri-Botn:					
Rauðgreni	Vefsen Gr.	2/3	2.700	R30	15-16/6.
Rauðgreni	Vefsen Gr.	2/3	<u>3.300</u>	R11	16. og 29/6.
			6.000		

Á Stálpastaðum var öll gróðursetningin til uppfyllingar í eldri gróðursetningar. Reitur 2 11 2 þar, sem síðsumar-gróðursetningin er frá '61, en mikið drapst af þeim plöntum strax á fyrsta vetri.

Reitur 172, þar var gróðursett þöll árið 1958 og hef ég ekki fundið plöntu þar lifandi.

Reitur 111, þar var fyllt inn á milli í blágrenið frá Hallormsstað gróðursett 1952.

Gróðursetning í Hvammi er öll í nýja gróðursetningarreiti.

Í Háafellsreit var gróðursett í svæðið efst í reitnum þar sem aldrei hefur verið gróðursett áður.

Reitur 30 í Stóra-Botni er sá eini, sem ógróðursett var í af gróðursetningarhæfu landi þar, en R11 var bætt inn í Sitkagrenigróðursetningu frá 1960. Í melana í girðingunni gróðursettum við nokkrar plöntur af Alaskalúpínu.

Nú er full gróðursett í girðinguna í Stóra-Botni og tel ég ekki ástæðu til að bæta neitt inn í gróðursetningar þar að svo komnu máli. Aftur tel ég ráðlegt að gróðursetja nokkuð af Alaskalúpínu í melana þar.

Grisjum.

Grisjaddir voru í Hvammi tæpir 5 ha fyrir gróðursetningu næsta árs.

Höggnað voru línur fyrir girðingarstæðið í Selskógi og höggnað voru tvær samhliða línur með 100 m millibili neðantil í skóginum til þess að afmarka svæði fyrir gróðursetningar þar. Byrjað var aðeins að grísa þarna á milli línanna.

Hirðing skóglenda.

Á Stálpastöðum var sprautað um 2 ha af skógar-furu með furulúsareitri. Sumt af þessu var sprautað tvisvað á sumrinu og reynd voru ýmiss efni. Bezta árangurs vænti ég af Xylamon með díselolíu.

Klippt var frá barrplöntum í ýmsum gróðursetningum t. d. allstaðar þar sem borið var á eða sprautað.

Farið var um hluta af stafafurunnri og lagaðir tvítoppar.

Í reit 115 á Stálpastöðum voru höggnaðar upp allar dauðar Sitkagreniplöntur og þær brenndar.

Tvö skilti voru sett upp á Stálpastöðum. Annað til að merkja tjaldstæði en hitt með umgengnisreglum.

Í Háafellsreit voru höggnaðar upp allar dauðar plöntur og tré. Í þessu var efni í nokkra staura og eldivið. Björn í Háafelli fékk að hirða þetta allt.

Klippt var frá plöntum í gróðursetningun Hauks Thors næst túninu í Hvammi.

Áburður.

Borinn var tilbúinn áburður að plöntunum við veginn á Stálpastöðum, sem settar voru þar '63 og '64. Auk þess var dreift áburði að plöntum á 9 ha svæði.

Við áburðardreifinguna voru hafðar sömu aðferðir og undanfarin ár nema að reyndar voru nokkrar aðrar áburðar-tegundir.

Nokkrar áburðartilraunir voru lagðar út í Hvammi til samanburðar á notkun mismunandi efna.

Vegagerð.

Vegagerð ríkisins lagði nýjan veg í framhaldi af vegarlagningunni í fyrra. Þá er kominn upphlaðinn vegur inn eftir allri Stálpastaðablíðinni og innundir tún á Háafelli. Vegagerðin í ár olli ekki teljandi jarðraski í landi Stálpastaða og ekki þurfti að flytja neitt af plöntum í ár, því var lokið í fyrra.

Byggingar.

Málað var í kjallara í Hvammi: eldhús, borðstofa og búr. Kjallarinn er orðinn ömurleg húsakinni. Þar er allt grátt af raka og myglu á vorin. Gólfíð í borðstofunni er svo ~~XÓXÓXÓ~~ að segja alveg ónýtt svo að búast má við að stigið sé niður úr því á hverri stundu. Eldhúsið flæddi með minnsta móti í sumar vegna þess hve þurrviðrasamt var.

Máluð voru herbergi og gluggar uppi í risinu.

Öll raflögnin í húsinu var yfirfarinn og endurbætt það allra nauðsynlegasta.

Gengið var frá til ljósa í húsinu 1 1/4 kw díselrafstöð, sem kom frá Vöglum.

Teknir voru básar úr fjósbragganum og látin á hann stórar dyr með vængjahurðum til að hægt yrði að koma bátum þar inn og hann yrði nothæfur fyrir véla og verkfærageymslu.

Bílbragginn var unninn undir málningu og tvímálaður.

Ýmislegt.

Seldar voru á árinu 82 hnausplöntur frá Stálpastöðum fyrir samtals kr. 11.614.00. Þessar plöntur voru teknar úr rauðgreninu frá '52 - '54.

Safnað var í sumar 7 kg af fræi af Alaskalúpínu og meirihluta þess sáð strax í haust viðsvegar um Stálpastaða-hlíðina og sumu uppundir girðingu uppi á Skorradalshálsi.

Í vor var sáð Alaskalúpínu og birkifræi frá Bæjarstað meðfram í vegarflögunum á Stálpastöðum og í Hvammi.

Sett var upp í vor á vegum Atvinnudeildar Háskólans girðing í Sitkagreninu frá '52 á Stálpastöðum. Þarna var svo tveim kindum beitt öðru hvoru í tilraunaskyni í allt sumar og vetur. Síðast er ég vissi höfðu kindurnar ekkert snert við Sitkagreninu og kemur það vel heim við reynzluna með þær greniplöntur, sem eru fyrir utan girðingu í Hvammi.

Í sumar var unnið við ýmsar tilraunir í Skorradal. Lagðar voru út fleiri áburðartilraunir og gróðursett var í tilraunareit til að fá samanburð á gróðursetningu með haka og bjúgskóflu.

Við Haukur Ragnarsson fórum eitt sinn í sumar inn í Vatnshornsskóg. Okkur leizt vel á birkiskóginn þarna, en hann er mun stórvaxnari heldur en á Stálpastöðum. Beit virðist vera þarna all mikil og er leitt til þess að vita að ekki skuli vera hægt að friða þetta til skógræktar þar sem jörðin er í eyði. Finnst mér brýn nauðsyn fyrir Skógræktina að leita um þetta samninga við landeiganda.

Ýmsir góðir gestir komu til Skógræktarinnar í Skorradal í sumar.

9. júlí komu í Skorradal Hákon Bjarnason og frú, Ingólfur Jónsson landbúnaðarráðherra og frú, Gunnlaugur Briem ráðuneytisstjóri og frú og Sigurður Bjarnason ritsgjafi. Gestirnir skoðuðu gróðursetningar á Stálpastöðum.

25. sept kom Hákon Bjarnason skógræktarstjóri með Þorsteini Kjarval og nokkrum af gömlum nemendum Halldórs Vilhjálmssonar skólastjóra, sem gefið hafa til Halldórslundar á Stálpastöðum. Með í hópnum voru og fréttamenn frá dagblöðunum.

Áætlun næsta árs.

Eitt af því, sem er allra mest aðkallandi í Hvammi er að gera endurbætur á íbúðarhúsinu þar. Eldhús og borðstofa meiga heita ónothæf í því ástandi sem kjallarinn er. Bezta úrlausnin á þessu væri að rífa gamla fjósið, sem komið er að falli og stendur norðan við íbúðarhúsið og gera þar viðbyggingu 4 x 5.6 m og ganga þar frá eldhúsi og borðstofu. Skógrækt ríkisins hefur gengist undir það í leigusamningi sínum við Hauk Thors að halda við húsum í Hvammi og þar sem ekki er mögulegt að láta þetta gamla fjós standa án verulegrar endurbyggingar, finnst mér ekki koma til greina að endurbæta það öðruvísi en í því formi sem að framan greinir. Með því er líka hægt að lostna við kostnaðarsamar endurbætur á kjallara.

Mála þarf öll þökin á bröggunum. Þau voru máluð með einni yfirferð ári 1961 en sú málning er farin að veðrast allverulega, en ekki þó það mikið að kosta þurfi mikið til um undirvinnu. Ef þetta verður látið dragast verður kostnaður mikið meiri vegna aukinnar undirvinnu.

Breyta þarf girðingunni og setja nýtt hlið fyrir ofan húsið í Hvammi.

Setja þarf prílur á tveim stöðum á girðinguna fyrir ofan veg í Hvammi.

Kaupa þarf dráttarvél með vagni. Ekki þarf þetta að vera ný vél. Vegna þess hve þ illa gengur að fá vélar leigðar þegar til þarf að taka þá tel ég að ekki verði hjá því komist

að kaupa dráttarvél með vagni.

Girða þarf Selskóg á Indriðastöðum. Ef ekki verður fyrir hendi fjármagn til að ljúka þeirri girðingu þá þarf að minnsta kosti að girða kantinn sem snýr að þjóðveginum og þann á landamörkum við Lithu-Drageyri. Þessar tvær línur eru um 1.5 km langar.

Endurgirða þarf girðinguna meðfram veginum í Háafellsreit og lát hlið á girðinguna. Í sumar var lagður nýr vegur meðfram girðingunni og liggur hún nú svo tæpt að færa verður línuna aðeins fjær veginum og girða þetta með næti. Lengd á þessari línu er un 140 m.

Á Stálpastöðum þarf að setja upp skilti með stórum stöfum að berjafínsla sé bönnuð. Í ljós kom í sumar að berjafínslufólk veitti ekki athyggli því er stóð á nýja skiltinu út við hlið enda ekki nægilega stórir stafir á því svo hægt sé með góðu móti að lesa af því úr bíl.

Æskilegt er að dreifa svipuðu magni af tilbúnum áburði og á síðastliðnu ári.

Halda þarf áfram að klippa frá barrplöntum eins og gert hefur verið. Það er orðið mjög aðkallandi að klippa frá í gróðursetningarreitum Hauks Thors í Hvammi.

Fara þarf um stafafuruna og klippa tvítoppa þar sem því hefur ekki verið lokið enn.

Gera þarf brautir til eldvarna á Stálpastöðum. Ódýrasta aðferðin við það væri sennilega að sprauta brautirnar fyrst með grasdrepani lyfjum og skafa svo grasrótinni burtu og gera þannig ca 50 cm breiða gróðurlausa braut.

Gróðursetja þarf lúpinu meðframm veginum á Stálpastöðum.
Plöntur í þetta má taka úr þéttustu lúpinubrúskunum á
Stálpastöðum.

Grisja þarf í Hvammi fyrir gróðursetningu næsta árs ca 10 ha.

Ég hef þegar skilað sér áætlun um gróðursetningar og lét
ég nægja að ^{vísa} vitna til hennar.

Reykjavík í febrúar 1966

Hjóst Þorsson

ÁÆTLUN UM
GRÓÐURSET.

I

SKORRADAL

1966

Áætlun um gróðursetningu í Skorradal
árið 1966

Stálpastaðir:

Reitur 0.11.1 Flatarmál 0.57 ha
Eskilegar plöntur: Rauðgreni 2.000
Stafafura 500

Reiturinn er ræma milli vegarins og Skorradalsvatns. Nokkrir kjarrbrúskar eru í reitnum, en graslendi á milli svo og smá melar. Vegna legu reitsins við veg, væri ráðlegt að gróðursetja mjög þétt í hann, því þarna verður auðvelt að nýta plöntur innan fárra ára, sem jólatré og hnausplöntur. Ekki eru áætlaðar fleiri plöntur vegna þess að ekki verður mögulegt að gróðursetja í hann allan, þar sem melar eru.

Reitur 0.10.1 Flatarmál 1.0 ha
Eskilegar plöntur: Rauðgreni 8.000

Reiturinn er strax innan við 0.11.1 og þarna aðeins fáir kjarrbrúskar, en graslendi er mest áberandi. Plöntur þurfa að vera stórar.

Reitur 0.9.1 Flatarmál 0.7 ha
Eskilegar plöntur: Rauðgreni 4.000
Stafafura 2.000

Reitnum svipar nokkuð til 0.10.1 en þarna eru einnig melar og grunnur jarðvegur á köflum. Í þennan reit var gróðursett af nemendum í bændaskólanum á Hvanneyri vorið 1963, en aðeins fáeinar plöntur.

Reitur 185 Flatarmál 1.5 ha
 Eskilegar plöntur: Rauðgreni 1.000
 Bergfura 3.000

Þetta svæði er mjög hrjóstrugt með köflum og ennþá eru þar stór svæði, sem ekki er ráðlegt að gróðursetja í. Næst næst veginum er gott kjarrlendi fyrir rauðgreni. Bergfuru teldi ég ráðlegast að nota í beztu blettina og meðfram lúpínubrúskum víðsvegar um reitinn.

Meðfram veginum inn eftir hlíðinni eru nokkrir góðir smá blettir, sem ég töl æskilegt að nota til gróðursetningar. Vegna þess að blettir þessir eru alveg við vegar-kantinn og liggja vel við til notkunar fyrir jólatré og hnausplöntur.

Eskilegar plöntur: Rauðgreni 3.000

Þarna meðfram veginum tel ég vel til fundið að gróðursetja blöndu af ýmsum tegundum, um 50 - 100 plöntur af hverri teg. t. d.: viðju, Alaskaösp, þingvíði, gljávíði, reynivið og Bæjarstaða birki.

Reitur 125 Flatarmál 1.12 ha
 Eskilegar plöntur: Rauðgreni 4.000

Í þennan reit var gróðursett sitkagreni Lawing 8.000 plöntur árið 1956. Sitkagrenið hefur nokkuð týnt tölunni þarna, en vegna þess hve reiturinn er nærri vegi, legg ég til að gróðursett verði í hann rauðgreni til uppfyllingar með þessu, sem enn lifir.

Reitur 321 Flatarmál 1.02 ha
 Eskilegar plöntur: Rauðgreni 2.000

Í þennan reit var gróðursett skógarfura Sjomen 10.000 plöntur árið 1957. Plönturnar eru yfirleitt fallegar og hafa farið vel fram, en furulúsin er að byrja að hrjá þær. Ekki er víst hversu vel tekst til með þær í framtíðinni. Með því að bæta rauðgreni þarna inn, verður reiturinn verðmætari hvernig svo sem fer með furuna. Ef furan verður erfið má ef til vill

grisja úr henni eftir nokkur ár og nota í girðingarfeni og láta þá rauðgrenið standa, en annars má þá taka þetta rauðgreni í jólatré ef furan stenzl lúsina.

Reitur 231 Flatarmál 0.54 ha

Æskilegar plöntur: Rauðgreni 1.000

Í reitinn var gróðursett blágreni Col. 3.000 plöntur árið 1956 en af því dóu um 75% í vorhretinu 1963.

Reitur 132 Flatarmál 0.32 ha

Æskilegar plöntur: Rauðgreni 1.500

Í reitinn var gróðursett skógarfura Troms 3.000 plöntur árið 1953. Plöntunum hefur farið all val fram, en nú er furulúsin farin að hrjá þær. Reiturinn er við veginn á áberandi stað og akkur væri í að fá í hann rauðgreni sem fyrst til þess að það geti stabið eftir ef illa tekst til með skógarfuruna.

Reitur 361 og 362 Flatarmál alls 2.27 ha

Æskilegar plöntur: Rauðgreni 6.000

Í þennan reit var gróðursett skógarfura Troms alls 14.500 plöntur árið 1953 og '54. Þærna eru sviðaðar aðstæður og í reit 123 nema að þessir reitir eru lengra frá vegi.

Reitur 363 Flatarmál 2.0 ha

Æskilegar plöntur: Rauðgreni 10.000

Hvítbj. fern.

Í þennan reit hefur ekki verið gróðursett áður. Töluverður hluti reitsins er gott gróðursetningarland fyrir rauðgreni, en það ódrýgist þó töluvert á köflum enda er þetta alveg upp við brekku brún og upp við gróðurmörk.

Hvammur:

Reitir 612 og 613 Flatarmál alls 1.25 ha

Æskilegar plöntur: Rauðgreni 6.500

Þetta er all grýtt kjarrlendi sem húið er að grisja.
Ekki er allur reiturinn hæfur til gróðursetningar.

Reitur 711 Flatarmál 3.0 ha

Æskilegar plöntur: Rauðgreni 18.000

Þessi reitur er beint upp af fyrnefndum réttum og svipar þeim því saman að aðstæðum, nema hvað þessi kemur lengra frá vegi.

Reitur 722 Flatarmál 2.5 ha

Æskilegar plöntur: Rauðgreni 18.000

Ekki er húið að grisja nema rúmmlega einn ha af þessum reit og því vart tímabært að gróðursetja í hann allan í vor. Þarna er all gott gróðursetningarland fyrir rauðgreni.

Reitur 141 Flatarmál ca 1.75 ha

Æskilegar plöntur: Rauðgreni 2.000

Sitkagreni 2.000

Stafafura 1.000

Bergfura 1.000

Broddfura 500

Lerki 250

Birki 250

Reiturinn er fyrir vestan túnið í Hvammi og er að mestu kjarrlaus, en all góðir blettir eru þarna í lækjarhvömmum. Gróðursetning þessi er aðallega sett upp til þess að setja svip á staðinn.

Hér hef ég talið upp þá reiti, sem mér finnst koma til greina fyrir gróðursetningu á næsta vori og í þá áætla ég samtals 97,500 plöntur. Þetta er hærri tala en ég tel ráðlegt að taka til gróðursetningar á næsta vori, vegna skorts á húsrými fyrir starfsfólk á staðnum og fleiri aðstæðna.

Hæfilegan plöntufjölda tel ég 60 - 70 þúsund fyrir Skorradalinn til gróðursetningar næsta vor.

Sumargróðursetningu tel ég ekki ráðlega vegna slæmrar reynslu frá árinu 1961.

Að þessu athuguðu legg ég til að gróðursett verði í Skorradalnum eftirtalið plöntumagn:

Rauðgreni	50.000	40.000	25.000 (H)
Stafafura	4.000	2000 (T)	
Bergfura	4.000		
Sitkagreni	2.000	10.000 (H)	
Broddfura	500	500 (H)	
Lerki	250	maðar 1000 (H)	
Birki Bæjarst. ...	300		
Alaskaösp	100		
Viðja	50		
Þimgvíðir	50		
Gljávíðir	50		
Reyniviður	=====50		
Alls	61.350		

Það er áberandi í þessari áætlun minni að ég vel rauðgreni í flesta reitina og næst koma stafafura og bergfura.

Ég rökstæði þetta val mitt á athugunum og reynslu undanfarandi ára, því aldrei hefur orðið neinn verulegur skaði á rauðgrenigróðursetningum í Skorradal.

Í vorhretinu 1963 voru skaðar á öllum öðrum tegundum svo sem: Bergfura 5% mikið skemmdar, Stafafura að meðaltali 3% dauðar og 6% mikið skemmdar, sem má þó teljast góð útkoma.

Sitkagreni að meðaltali 15% dauðar og 27% mikið skemmdar.
Hvítgreni 21% dauðar og 26% mikið skemmdar. Blágreni 80%
dauðar. Lerki hef ég ekki tölulegar athuganir af en reikna
má með um 8% dauðar og 20% mikið skemmdar.

Reykjavík 7. jan 1966
Lguist Arnarson